

Þrítugasti og níundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 21. ágúst 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:05.

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Skipun í embætti og kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis**
Kosning formanns og varaformanns. Hannes og Hafsteinn gefa kost á sér til formanns. Gengið var til leynilegrar kosningar og féllu atkvæði þannig að Hannes hlaut fimm atkvæði gegn einu. Magnús og Valborg gáfu kost á sér til varaformanns og var gengið til leynilegrar kosningar og féllu atkvæði þannig að Valborg var kjörin með fjórum atkvæðum gegn tveimur.

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

- 2. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi**

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Finnur Pétursson sækir um starfsleyfi fyrir vatnsból vegna matvælavinnslu að Káranesi, Kjósarhreppi.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 28. maí 2018 til 12 ára með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.b.
Staðfest.
- b. Guðmundur Davíðsson sækir um starfsleyfi fyrir vatnsból vegna matvælavinnslu að Miðdal, Kjósarhreppi.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 28. maí 2018 til 12 ára með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.b.
Staðfest.
- c. Helgi Þórir Sveinsson sækir f.h. Öldurs ehf. um starfsleyfi fyrir mjaðargerð/bjórgerð í húsnæði Foss distillery að Háholti 23 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 31. maí 2018 til eins árs með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.b.
Staðfest.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- d. Níels Hafsteinsson sækir f.h. KO.RE. ehf. um starfsleyfi fyrir matvælavinnslu í húsnæði Rauða ljónsins að Eiðistorgi 13-15 á Seltjarnarnesi.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 31. maí 2018 til fjögurra ára með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.b.
Staðfest.
- e. Baldur Ingi Halldórsson sækir f.h. Bæjarins bestu s.f. um starfsleyfi fyrir færanlegan matsöluvagn með pylsur frá Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 11. júní 2018 til tólf ára með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.b.
Staðfest.
- f. Skálatún sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir sundlaug að Skálahlíð í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 11. júní 2018 til 12 ára með vísan til samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir sund og baðstaði.
Staðfest.
- g. Þór Þráinsson sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á Háholti 20, 22 og 24 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 28. júní 2018 til 28. september 2019 með starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrifi húsa.
Staðfest.
- h. Björn H. Halldórsson f.h. Sorpu bs. sækir um endurnýjun leyfis fyrir endurvinnslustöð við Blíðubakka í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum nr. 582/2000.
- i. Sigríður Sigmarsdóttir f.h. Sjálfstæðisfélags Seltirninga sækir um nýtt leyfi fyrir útleigu samkomusalar að Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi.
Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og með starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomuhús.
Hannes Tryggvi Hafstein vék af fundi undir þessum lið.
- j. Gunnlaugur Jónsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Réttingaverkstæði Jóns B ehf. að Flugumýri 2 í Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum nr. 582/2000, ásamt sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir bifreiðasprautun og fyrir bifreiðaréttingar.

Umsóknir um tóbakssöluleyfi

- k. Hermann Ingólfsson f.h. Ferðapjónustunnar Hjalla ehf. sækir um endurnýjun tóbakssöluleyfis fyrir Kaffi Kjós v. Meðalfellsveg í Kjós.
Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 12. júní 2018 til fjögurra ára með vísan til laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir m.s.b.
Staðfest.

3. Umsagnir um erindi

- l. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 12. janúar 2018 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Félagsheimili Seltjarnarness.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 13. júní 2018.
Staðfest.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- m. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 15. ágúst 2018 þar sem óskað var umsagnar tímabundið áfengisleyfi fyrir dansleik í Íþróttamiðstöðinni að Varmá þann 25. ágúst.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 15. ágúst 2018.
Staðfest.
- n. Lagt fram erindi Kjósarhrepps dagsett 14. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.
Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um málið frá 12. júlí 2018.
- o. Lagt fram erindi Mosfellsbæjar dagsett 25. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um Deiliskipulagslýsingu. Deiliskipulag Tjaldaness.
Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um málið dagsett 13. júlí 2018.
- p. Lagt fram erindi Mosfellsbæjar dagsett 25. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagslýsingu athafnasvæðis við Flugumýri Mosfellsbæ.
Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um málið dagsett 13. júlí 2018.

4. Erindi Foreldrafélags Varmárskóla

Lagt fram erindi Foreldrafélags Varmárskóla dagsett 25. júní 2018 um mögulegan raka og myglu í Varmárskóla.

Lagt fram svar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem sent var með tölvupósti 29. júní 2018. EFLA verkfræðistofa vann skýrslu fyrir Mosfellsbæ dagsett 11. júlí 2018 um málið og er það í farvegi.

Málið var kynnt.

5. Önnur mál

- a. Fundargerð samráðsfundar Umhverfisstofnunar um rekstur Norðuráls í Hvalfirði var lögð fram. Fundurinn var haldinn 13. apríl 2018.
- b. Fundargerð 123. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 23. júní 2018 og fundargerð 124. fundar frá 10. júlí 2018 voru lagðar fram.
- c. Auglýsing nr. 646/2018 um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, nr. 1080/2017 hefur tekið gildi.

Fundi var slitið kl. 19:00.